

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012 - 2024

BREYTING VEGNA FLUTNINGSLÍNA RAFORKU - SKIPULAGSLÝSING

JANÚAR 2018



Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

Efnisyfirlit

1	Viðfangsefni	3
1.1	Skipulagskostir	4
2	Umfang og áherslur umhverfismats	5
2.1	Umhverfisskýrsla – efnisatriði	5
2.2	Úr umhverfismati svæðisskipulagsins frá 2012	6
2.3	Aðferð við umhverfismat áætlunarinnar	6
3	Forsendur	10
3.1	Helstu lagaákvæði	10
3.2	Landsskipulagsstefna	10
3.3	Gildandi svæðisskipulag	11
3.4	Aðalskipulag sveitarfélaga	13
3.5	Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025	14
3.6	Blöndulína 3, matskýrsla	15
3.7	Hólasandslína 3, tillaga að matsáætlun	15
3.8	Öryggismál Akureyrarflugvallar	16
3.9	Stefna ríkisstjórnar	17
3.10	Aðrar áætlanir	18
4	Kynning og samráð	19
4.1	Verkáfangar	19
4.2	Umsagnaraðilar	20
4.3	Tímaáætlun	20
4.4	Skil umsagna, ábendinga og athugasemda	20
5	Heimildaskrá	21

1 VIÐFANGSEFNI

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest af Skipulagsstofnun 21. janúar 2014. Ekki voru forsendur á því stigi til þess að ganga frá legu flutningslína raforku í skipulaginu. Ákvæði eru um að skipulagskostir, þegar þeir liggja fyrir, skuli metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu flutningslína auglýst sem breyting á svæðisskipulaginu.

Sjö sveitarfélög eru aðilar að svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Það eru Akureyri, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Sveitarfélögin tilnefna nefndarmenn í svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2014-2018 en Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar er nefndinni til aðstoðar við daglega umsýslu.

Á aðalfundi Eyþings, sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, sem haldinn var 10. og 11. nóvember 2017 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Orkumál

Ástand í orkumálum á Norðurlandi eystra er algjörlega óviðunandi. Ráðast þarf í stóratök í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku landsins til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífs í landshlutanum. Mikilvægt er að stjórnvöld skýri reglur og markmið og stuðli að betri sátt um uppbyggingu dreifikerfis raforku.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti 18. apríl 2017 að setja af stað vinnu við skipulagslýsingu vegna endurskoðunar þessa þáttar svæðisskipulagsins. Viðfangsefnið er endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu, þ.e. Blöndulína 3 til Akureyrar og Hólasandslína 3 frá Akureyri að Kröflu. Innan skipulagssvæðisins liggur línuleiðin um Öxnadal, Hörgárdal, Kræklingahlíð og Akureyri, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal. Línan mun fara um þrjú sveitarfélög, Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit.

Svæðisskipulagsnefnd mun vinna að tillögugerð og umhverfismati áætlunarinnar. Tillaga um legu og gerð flutningslína raforku um skipulagssvæðið verður lögð fram, kynnt og auglýst í samræmi við ákvæði VI. kafla skipulagslaga.

Megintilgangur með umhverfismati áætlunarinnar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við gerð hennar. Matið mun byggjast á samanburði raunhæfra skipulagskosta og mati á áhrifum þeirra á samfélag og umhverfi. Í umhverfismati áætlana felast spurningarnar **hvert?** og **hvar?** Í umhverfismati framkvæmda, sem unnið verður á síðari stigum, verður svarað spurningunni **hvernig?**

Í verkefninu togast á ólík sjónarmið og ólíkir hagsmunir. Í umhverfismati eiga að koma fram kostir og gallar ólíkra leiða en einnig þarf að gera þar grein fyrir áhrifum mismunandi lausna á umhverfið annars vegar og stefnu og markmið samfélagsins bæði í héraði og á landsvísu hins vegar. Rökstuðningur skipulagstillögunnar mun þannig felast í umhverfismatinu.

Lýsing er sett fram og kynnt í upphafi verks til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmunaaðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsing er jafnframt svo nefnd matslýsing þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðu umhverfismati áætlunarinnar og með framlagningu hennar er m.a. haft samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við vinnslu verkefnisins.

1.1 SKIPULAGSKOSTIR

Í Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025 voru skoðaðir tveir höfuðvalkostir, annars vegar kostur sem gerir ráð fyrir Sprengisandslínu (kostir A) og hins vegar kostur (B) sem felst í uppbyggingu samhliða núverandi byggðalínuhring. Kerfisgreiningar Landsnets gefa þá niðurstöðu að þörf er á Blöndulínu 3, óháð Sprengisandslínu. Báðir þessir kostir fela í sér byggingu bæði Hólasandslínu 3 og Blöndulínu 3 og styrkingu þeirra leiða.

Eftirtaldir skipulagskostir verða bornir saman og áhrif þeirra á umhverfi og samfélag metin út frá fyrirbyggjandi gögnum.

1.1.1 AFKASTAGETA

- Óbreytt flutningskerfi.
- Aukinn stöðugleiki og flutningsgeta.

1.1.2 LEIÐIR

- Óbreytt/endurbyggð núverandi byggðalína, kostur B.4 í kerfisáætlun Landsnets 2016-2025.
- Ný 132 kV lína (jarðstrengur).
- Ný 220 kV lína, kostur B.1-3 í Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025.
 - Samhliða Byggðalínu
 - Byggðalína fjarlægð

1.1.3 ÚTFÆRSLA

- Óbreytt/endurbyggð núverandi byggðalína.
- Jarðstrengur (132 kV)
- Loftlína (220 kV)
- Loftlína að mestu og jarðstrengur að hluta (220 kV)
 - a) Almenn stefna um gerð lína og forsendur fyrir jarðstrengjum.
 - b) Ákvæði um tiltekin svæði þar sem stefnt skal að lagningu jarðstrengja.

2 UMFANG OG ÁHERSLUR UMHVERFISMATS

2.1 UMHVERFISSKÝRSLA – EFNISATRIÐI

Ákvæði um flutningslínur raforku í svæðisskipulagi eiga við framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar með heyrir breyting þessi undir ákvæði laga um umhverfismat áætlaða nr. 2015/2006 og skal umhverfisskýrsla, þar sem fram kemur mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, vera hluti skipulagstillögunnar.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktra matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar. Skv. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/ 2006 skulu eftirtalin atriði koma fram í umhverfisskýrslu:

- a) yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- b) lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar,
- c) lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
- d) lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi,
- e) upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar,
- f) skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar,
- g) upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
- h) yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var,
- i) hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda,
- j) samantekt stafliða a–i.

Á mannamáli:

- Gera þarf grein fyrir meginatriðum, viðfangsefni, stefnu og markmiðum með áætluninni (inngangur lýsingar).
- Gera grein fyrir helstu forsendum, þar á meðal tengslum við aðrar áætlanir og stefnumið stjórnvalda (yfirlit í lýsingu).
- Gera grein fyrir því hvaða þættir áætlunarinnar kunni að hafa áhrif á umhverfi og samfélag.
 - Greina og bera saman áhrif ólíkra kosta.
- Gera grein fyrir því hvaða umhverfisþættir kunni að verða fyrir neikvæðum áhrifum af framfylgd áætlunarinnar.
 - Gera grein fyrir viðmiðum við mat á áhrifum á umhverfisþætti.
- Gera grein fyrir hugsanlegri vöktun og mótvægisaðgerðum.

- Samantekt, niðurstaða.

2.2 ÚR UMHVERFISMATI SVÆÐISSKIPULAGSINS FRÁ 2012

Í kafla 4.4. í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins er kveðið á um það hvernig ákvæðum um flutningslínur raforku skuli bætt við svæðisskipulagið með formlegri breytingu. Þar segir:

4.4.1 Skipulagskostir

Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu) um skipulagssvæðið og er hluti hennar (Blöndulína 3) í staðfestu aðalskipulagi Hörgárbyggðar og Akureyrar og hafa umhverfisáhrif hennar verið metin. Skipulagsstofnun hefur sett nokkur skilyrði, sem uppfylla þarf áður en til leyfisveitinga kemur, m.a. um umhverfismat efnistöku. Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu og gerð flutningslína raforku í svæðisskipulagi. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

4.4.2 Samanburður, áhrifamat

Skipulagskostir munu felast annars vegar í vali milli loftlínu og jarðstrengs og hins vegar í legu þeirrar flutningsleiðar, sem verður fyrir valinu.

Stefnt er að samanburði skipulagskosta út frá áhættugreiningu, umhverfissjónarmiðum og ólíkum lausnum. Sá samanburður verður unninn þegar forsendur liggja fyrir. Niðurstaða verður færð inn í svæðisskipulag með formlegri skipulagsbreytingu.

Flutningslína um Eyjafjörð 🏡			
	01	03	04
Skipulagskostir > V Matsþættir	Valkostur 1	Valkostur 3	Valkostur 2
N - Landslag	★ Athugasemd	★ ATH	★ ATH
N - Gróður og dýralíf	★ ATH	★ ATH	★ ATH
N - Vatnafar	★ ATH	★ ATH	★ ATH
N - Náttúruvernd	★ ATH	★ ATH	★ ATH
N - Ásýnd	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Nálægð við byggð	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Landnotkun	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Flugöryggi	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Kostnaður	★ ATH	★ ATH	★ ATH
Niðurstaða	? ATH	? ATH	? ATH

N - Náttúruvafarsþættir

S - Samfélagsþættir

Mynd 4.4 Uppkast að samanburðartöflu vegna flutningslína.

2.3 AÐFERÐ VIÐ UMHVERFISMAT ÁÆTLUNARINNAR

Unnið verður í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Mat á áhrifum ólíkra skipulagskosta á umhverfi og samfélag verður grundvöllur skipulagstillögunnar og rökstuðningur fyrir niðurstöðu. Matið verður unnið af svæðisskipulagsnefnd sem kallar til

sérfræðinga, umsagnaraðila og hagsmunaaðila eftir þörfum við úrlausn verkefnisins. Matið mun byggjast á þeim gögnum sem fyrir liggja. Ekki er gert ráð fyrir að unnar verði sérstakar rannsóknir vegna umhverfismatsins.

2.3.1 UMHVERFISÞÆTTIR, MATSSPURNINGAR OG VIÐMIÐ

Umhverfismat áætlunarinnar fjallar um meginatriði, þ.e. hvar viðkomandi mannvirki verði í grófum dráttum og hugsanlega hvort rökrétt sé að ákveða gerð þeirra (loftlínu/jarðstreng) á einstaka köflum á þessu stigi. Með flutningskerfi er hér átt við heildarframkvæmd með tilheyrandi vegslóðum og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum. Ítrekað er að nákvæm útfærsla og áhrif verða metin í umhverfismati framkvæmda sem mun byggjast á verkhönnun.

Viðmið við mat einstakra þátta felast í markmiðum laga og reglugerða annars vegar og stefnu stjórnvalda, sem sett er fram í samþykktum, stefnuskjölum og samningum hins vegar. Eftirtalin skjöl eiga við umhverfisþætti skipulagsins almennt eða sérstaklega:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumótun til 2020
- Önnur stefnumörkun stjórnvalda, t.d. stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- Náttúruverndaráætlun 2009-2013 (!)
- Náttúruminjaskrá
- Aðalskipulag sveitarfélaga (Hörgársveit, Akureyri, Eyjafjarðarsveit)
- Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag, Forsætisráðuneytið 2011
- Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019
- Samningur um líffræðilega fjölbreytni
- Reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns
- Reglugerð nr. 724/2006 um hávaða

Umhverfisþáttur	Matsspurning	Gögn - viðmið
Land, landslag, ásýnd, jarðmyndanir	<ul style="list-style-type: none"> • Fer meira land undir flutningskerfi en nú? • Fer ónumið/ósnerit land undir nýjar flutningslínur? • Breyta nýjar flutningslínur einkennum og ásýnd landsins? • Fara nýjar flutningslínur um svæði sem njóta sérstakrar verndar jarðminja? 	<ul style="list-style-type: none"> • Landsskipulagsstefna • Velferð til framtíðar • Landupplýsingar UST • Mat sérfræðinga. • Mat svæðisskipulagsnefndar
Gróður og dýralíf	<ul style="list-style-type: none"> • Fara nýjar flutningslínur um svæði sem njóta sérstakrar verndar vistkerfa? • Fara nýjar flutningslínur um mikilvæg alþjóðleg fuglasvæði? • Fara nýjar flutningslínur um votlendi eða Ramsarsvæði? 	<ul style="list-style-type: none"> • Landupplýsingar UST

Umhverfispáttur	Matsspurning	Gögn - viðmið
Vatnafar	<ul style="list-style-type: none"> Fara nýjar flutningslínur um vatnsverndarsvæði? Hafa ólíkar útfærslur (loftlína, jarðstrengur) ólík áhrif á vatnafar eða vatnsvernd? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag og vatnsverndar-ákvæði sveitarfélaga Mat sérfræðinga
Náttúruvernd	<ul style="list-style-type: none"> Fara nýjar flutningslínur um svæði á náttúruminjaskrá, friðlýst svæði eða önnur náttúruverndarsvæði? 	<ul style="list-style-type: none"> Náttúruverndarlög 60/2013 Landupplýsingar UST Aðalskipulag sveitarfélaga (hverfisvernd)
Minjavernd	<ul style="list-style-type: none"> Fara nýjar flutningslínur um þekkt eða líkleg minjasvæði? 	<ul style="list-style-type: none"> Minjaskrár Mat og könnun svæðisskipulagsnefndar (þekking á staðháttum og sögu)
Útivist og ferðamennska	<ul style="list-style-type: none"> Munu nýjar flutningslínur fara um skilgreind útivistarsvæði? Munu nýjar flutningslínur fara nærri vinsælum ferðamanna-leiðum og áfangastöðum? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag sveitarfélaga Mat sérfræðinga, ferðamálastofa, atvinnuþróunarfélag Mat svæðisskipulagsnefndar
Nálægð við byggð	<ul style="list-style-type: none"> Munu nýjar flutningslínur fara nærri þéttbýli? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag sveitarfélaga
Landnotkun	<ul style="list-style-type: none"> Munu flutningslínur og tilheyrandi mannvirki fara um ræktað land? Eignarhald lands sem flutningslínur fara um? Takmarka flutningslínur möguleika á atvinnurekstri? 	<ul style="list-style-type: none"> Aðalskipulag sveitarfélaga Greining landupplýsinga Mat sérfræðinga Mat svæðisskipulagsnefndar
Heilsa og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> Eru líkur á rafsegulsviði eða hávaða nærri byggð? Hafa flutningslínur áhrif á öryggi flugumferðar á Akureyrarflugvelli? Rekstraröryggi ólíkra skipulagskosta? 	<ul style="list-style-type: none"> Mat sérfræðinga Skýrsla um öryggi Akureyrarflugvallar
Hagrænir þættir	<ul style="list-style-type: none"> Hver er munur á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði ólíkra skipulagskosta? Hagræn áhrif uppbyggingar gagnvart núllkosti. 	<ul style="list-style-type: none"> Mat sérfræðinga

2.3.2 VINNUAÐFERÐ

Samvinnunefnd mun í samráði við sérfræðinga eftir þörfum skrá úrlausn matsins í texta og samanburðartöflur. Hér eru dæmi um slíkar töflur þar sem litamerki eru notuð til þess að auðvelda yfirsýn og skýra samhengi. Sjá nánar kafla 1.1 Skipulagskosti.

Blöndulína 3, leiðir				
	0	2	3	1
> Skipulagskostur V Umhverfispáttur	Núllkostur, núv. 132 kV lína	Ný 220 kV lína og núv. lína	Ný 220 kv lína, núv. lína fjarlægð	Nýr 132 kV jarðstrengur
Land, landslag, ásjúnd, jarðmyndanir	<ul style="list-style-type: none"> Dæmi - atriði með jákvæð áhrif Dæmi - atriði með neikvæð áhrif Dæmi - áhrif háð útfærslu 	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Gróður og dýralíf	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Vatnafar	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Náttúruvernd	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Minjavernd	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Útivist og ferðamennska	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Nálægð við byggð	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Landnotkun	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Heilsa og öryggi	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Hagrænir þættir	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Niðurstaða	Ath	Ath	Ath	Ath

Hólasandslína 3, leið A - útfærsla			
	0	1	2
> Skipulagskostur V Umhverfispáttur	Loftlína	Jarðstrengur á svæði A-B	Jarðstrengur á svæði C-D
Land, landslag, ásjúnd, jarðmyndanir	<ul style="list-style-type: none"> Dæmi - atriði með jákvæð áhrif Dæmi - atriði með neikvæð áhrif Dæmi - áhrif háð útfærslu 	▶ Ath	▶ Ath
Gróður og dýralíf	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Vatnafar	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Náttúruvernd	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Minjavernd	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Útivist og ferðamennska	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Nálægð við byggð	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Landnotkun	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Heilsa og öryggi	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Hagrænir þættir	▶ Ath	▶ Ath	▶ Ath
Niðurstaða	Ath	Ath	Ath

Jákvæð áhrif

Neikvæð áhrif

Óviss áhrif

Háð útfærslu

Skýringar við matstöflur. ▶ Engin áhrif á ekki við

3 FORSENDUR

3.1 HELSTU LAGAÁKVÆÐI

Samantekt nokkurra atriða í lögum og áætlunum, sem eiga beint við fyrirhugaða breytingu á svæðisskipulagi.

3.1.1 SKIPULAGSLÖG NR. 123/2010

Úr 21. gr. skipulagslaga:

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðabróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara og landsskipulagsstefnu.

3.1.2 LÖG UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006

Úr 3. gr. Gildissvið:

Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmda-áætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

6. gr. Umhverfisskýrsla.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktara matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar og stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð. Þá skal í umhverfisskýrslu koma fram að hve miklu leyti betur á við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar til að forðast endurtekningar sama mats.

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfisskýrslu sem verið getur hluti af greinargerð með áætluninni. Í umhverfisskýrslu skal gera grein fyrir niðurstöðu matsins og forsendum þess. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslunni. (Sjá stafliði a-j í kafla 2.1).

3.2 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Eftirtalin atriði í landsskipulagsstefnu eiga beinlínis við um viðfangsefni svæðisskipulagsbreytingarinnar. Vísað er í kaflanúmer í landsskipulagsstefnu.

2.5 ORKUMANNVIRKI OG ÖRUGG AFHENDING RAFORKU Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRU OG UMHVERFI.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggji örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

2.5.1 ORKUNÝTING OG RAFORKUFLUTNINGUR Í SKIPULAGSÁÆTLUNUM.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafl, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

3.4.1 ÖFLUGIR INNVIÐIR.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

3.3 GILDANDI SVÆÐISSKIPULAG

Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 eru eftirfarandi ákvæði um flutningslínur raforku:

3.3.1 FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

MARKMIÐ

- *Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.*
- *Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.*

Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu). Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Stefnt er að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulaginu í heild. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Skilgreindar flutningsleiðir raforku í gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags halda gildi sínu þar til ákvörðun er tekin um breytingar.


Núverandi flutningslínur raforku eru sýndar á uppdrætti 3.4. [sjá bls. 5]

FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu og gerð flutningslína raforku í svæðisskipulagi umfram það sem þegar er staðfest í aðalskipulagi sveitarfélaga. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Sjá einnig tilvísun í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins í kafla 2.2.

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR
2012-2024
3.4 Samgöngu- og þjónustukerfi



SVæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Uppdráttur 3.4 Samgöngu- og þjónustukerfi.

3.4 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA

3.4.1 AÐALSKIPULAGS HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024

Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar og að raforkumannvirki verði í sátt við samfélag og náttúru.

Í skipulaginu segir ennfremur:

Tryggt sé að markmið skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, um að skynsamleg og hagkvæm nýting lands og landsgæða sem tryggi vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og komi í veg fyrir umhverfisspjöll, séu höfð að leiðarljósi við skipulag slíkra mannvirkja. Einnig er það markmið, að tryggt sé að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þó svo að hagsmunir heildarinnar verði hafðir að leiðarljósi. Mikilvægt er að slíkt skipulag/framkvæmd hafi sem jákvæðust áhrif á samfélagið í Hörgársveit.

Um sveitarfélagið liggja nú þegar tvær stórar háspennulínur, Dalvíkurlína og Rangárvallalína, báðar með flutningsgetu að 132 kV spennu. Vilji er hjá sveitarfélaginu fyrir frekari raforkuflutningi með þeim skilyrðum að lega og gerð raflína taki mið af umhverfi, öryggi og verndun ræktunarlands og verði lagðar í jörðu.

Samkvæmt ofangreindri stefnu sveitarfélagsins um raflínur þá er Blöndulína 3 ekki sýnd á skipulagsupprætti þar sem ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu hennar og gerð, sbr. gildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar. Þegar ákvörðun um lagningu Blöndulínu 3 hefur verið tekin í fullu samráði við sveitarstjórn og landeigendur og tryggt að gerð og lega hennar taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktarlands, verði aðalskipulagi breytt.

Í aðalskipulaginu eru settir fram til samanburðar þrír valkostir fyrir rafveitu: nýjar raflínur, jarðstrengur og núllkostur. Niðurstaða valkostagreiningar leiðir í ljós að hagkvæmast er að leggja línur meðfram núverandi raflínum þar sem meiri kostnaður fellst í lagningu jarðstrengs og núllkostur er ekki í samræmi við stefnu sveitarstjórnar. Ekki er sett fram stefna um Blöndulínu 3 í greinargerð aðalskipulagsins en stefna sveitarfélagsins er að flutningslínur raforku verði í jörðu.

3.4.2 AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018 OG TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGI AKUREYRAR 2018-2030

Raforka er nú leidd til bæjarins að tengivirki á Rangárvöllum en þangað liggja tvær 132 kV byggðalínur, Rangárvallalína frá Varmahlíð og Kröflulína 1 frá Kröfluvirkjun, sem báðar eru loftlínur. Laxarlína, 66 kV, liggur frá Laxárvirkjun þvert yfir Eyjafjörð til Akureyrar. Langt er gengið á líftíma hennar og verður hún tekin niður þegar Hólasandslína 3 verður tekin í notkun.

Í gildandi Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 með síðari breytingum er gerð grein fyrir legu núverandi og nýrra háspennulína. Þar er gert ráð fyrir að Hólasandslína 3 verði vestar og sunnar en núverandi línur, þ.e. ofar í hlíðinni ofan hesthúsahverfisins í Breiðholti. 9. maí 2012 var staðfest breyting á aðalskipulaginu þar sem gert er ráð fyrir tengivirki raforkuflutningskerfis við Kífsá ofan bæjarins. Ekki liggur fyrir endanleg ákvörðun um það hvort tengivirki verði á Kífsá eða á Rangárvöllum.

Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 var auglýst 1. desember 2017. Athugasemda-frestur er til 12. janúar 2018. Þar segir m.a.:

Akureyrarkaupstaður gerir þá kröfu að báðar línurnar [Hólasandslína 3 og Blöndulína 3] verði lagðar í jarðstreng vegna flugöryggis [og] nálægðar við þéttbýli og útivistarsvæði. Stefna Akureyrarkaupstaðar er að raflínur verði almennt lagðar í jörð með áherslu á allar línur þvert á stefnu flugbrauta flugvallarins.

Mannvirkjagerð skal haga þannig að flugöryggi verði ekki skert á neinn hátt og Akureyrarflugvöllur geti ætíð staðist þær öryggiskröfur sem gerðar eru til millilandaflugvalla að teknu tilliti til landslags og legu. Lega flutningslínu raforku skuli því taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

3.4.3 AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2005-2025 OG TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGI EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

Kröflulína 1 er 132 kV flutningslína frá Kröfluvirkjun um Bíldsárskarð yfir Eyjafjörð til Akureyrar. Einnig Laxárlína, 66 kV, á sömu slóðum frá Laxárvirkjun til Akureyrar.

Markmið í raforkumálum í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 eru að raflínur í dreifbýli verði að jafnaði lagðar í jörðu og að þær valdi sem minnstum spjöllum á landbúnaðar-, útivistar- og verndarsvæðum.

Lega 220 kV háspennulínu frá Svartárkoti í Bárðardal um Bíldsárskarð yfir flatlendi Eyjafjarðarsveitar til Akureyrar var staðfest af umhverfisráðherra árið 1994. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti línuna með fyrirvara um að hún yrði sett í jörð yfir flatlendið sbr. bókun frá 19. jan. 1992.

Unnið er að endurskoðun aðalskipulagsins og liggur fyrir tillaga að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem kynnt verður og auglýst 2018. Þar segir m.a.:

Tvær stofnlínur fara um Eyjafjarðarsveit norðanverða og eru þær eftirfarandi:

- *Kröflulína 1 er 132 kV loftlína í eigu Landsnets sem liggur frá Kröfluvirkjun að Akureyri. Línan er byggð 1975 og líftími áætlaður 50-60 ár. Helgunarsvæði línunnar er 40 metrar. Landsnet stefnir að því að hún endist líftíma sinn.*
- *Laxárlína 1 er 66 kV loftlína í eigu Landsnets, sem liggur frá Laxárvirkjun að Akureyri.*

Landsnet stefnir á að leggja 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi (Hólasandslína 3). Gert er gert ráð fyrir háspennulínu þessari í aðalskipulagi og skal háspennulínan lögð í jörð frá sveitarfélagsmörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði, en þaðan sem loftlína yfir Vaðlaheiði.

3.5 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2016-2025

3.5.1 NIÐURSTAÐA VALKOSTAGREININGAR, BLS. 95

Það er því niðurstaða Landsnets, með tilliti til niðurstöðu kerfisáætlunar og umhverfismats áætlunarinnar að leggja til að ráðist verði í framkvæmdir á þeim línuleiðum sem eru sameiginlegar þeim fjórum valkostum sem taldir eru uppfylla markmið raforkulaga. Þessar framkvæmdir eru Krafla – Fljótsdalur, Akureyri - Krafla, Blanda- Akureyri og Geitháls-Brennimelur (Höfuðborgarsvæði – Vesturland).

3.5.2 HÓLASANDSLÍNA 3, BLS. 123

Landsnet hefur hafið undirbúning að byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, Hólasandslínu 3, frá Akureyri að Hólasandi. Flutningsgeta línunnar verður að

lágmarki 550 MVA. Markmiðið með byggingu Hólasandslínu 3 er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi gegn truflunum í orkuvinnslunni með því að tengja saman virkjanasvæði og þjóna uppbyggingu iðnaðar á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdirnar skipta jafnframt flutningskerfi landsins í heild sinni miklu máli, þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu við veikari hluta þess á Austurlandi.

3.5.3 BLÖNDULÍNA 3

Blöndulína 3 er ekki á framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára. Hún er færð aftur fyrir Hólasandslínu 3 í framkvæmdaröð með rökstuðningi (bls 137).

3.6 BLÖNDULÍNA 3, MATSSKÝRSLA

Í umhverfismati Blöndulínu 3 er greint frá þeim valkostum sem til greina komu um útfærslu og legu línunnar. Í umhverfismati svæðisskipulagsins verður ekki fjallað um útfærslu mannvirkisins. Í kafla 3.1.4 er getið um valkost um línuleið úr Norðurárdal yfir í Eyjafjörð um Hörgárdalsheiði sbr. eftirfarandi tilvitnun í skýrsluna. Sú leið verður ekki tekin til skoðunar í umhverfismati svæðisskipulagsins.

KAFLI 3.1.4 NORÐURÁRDALUR – HÖRGÁRSVEIT

Við undirbúning verksins var kannað hvort til greina kæmi að leggja Blöndulínu 3 um Hörgárdalsheiði og Hörgárdal vegna þrengsla á nokkrum stöðum við núverandi línu á Öxnadalsheiði og í Öxnadal (sjá mynd 3.3). Með þessum valkosti, þ.e. núverandi lína og ný lína hvor í sínum dalnum, myndi áhætta fyrir flutningskerfið vegna snjóflóða og veðurfars dreifast. Leiðin um Hörgárdalsheiði er um 1,8 km styttri en um Öxnadalsheiði. Ókostur er að Hörgárdalsheiði er um 100 m hærri en Öxnadalsheiði og óvissa er þar meiri hvað snertir snjóflóða- og ísingarhættu. Einnig væri á leiðinni um Hörgárdalsheiði farið inn á nýtt óraskað svæði sem kallar á meiri slóðagerð til að hafa öruggt aðgengi að línunni, m.a. í bilanatilvikum. Auk þess yrði línun áberandi við mynni Öxnadals, þar sem er talsverð byggð, og myndi leiða til meiri áhrifa á núverandi landnotkun. Leiðin um Öxnadalsheiði og Öxnadal fylgir að mestu núverandi línu, snjóflóða- og ísingarhætta er vel þekkt (sjá kafla 7), aðgengi í bilanatilvikum er betra og áhrif línumannvirkja á byggðina breytast lítið frá því sem nú er.

Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, norðan þjóðveggar 1, er á náttúruminjaskrá. Með því að fara Hörgárdalsheiði væri farið á löngum kafla inn á það svæði, en leiðin um Öxnadalsheiði er í jaðri þess á mun styttri kafla. Að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld í Hörgársveit og Akrahreppi var niðurstaðan sú að leggja fram tillögu um að fara Öxnadalsheiði. Vegna framangreindra ástæðna er leiðin um Hörgárdalsheiði ekki lögð fram sem valkostur.

3.7 HÓLASANDSLÍNA 3, TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

Matsáætlun er undanfari frummatsskýrslu og umhverfismats framkvæmdarinnar. Í frummatsskýrslu verða línuleiðir afmarkaðar nánar og lagt mat á valkosti.

Ekki liggur fyrir nákvæm línuleið eða aðalvalkostur. Í tillögu að matsáætlun eru nefndir valkostir um útfærslu á legu línu og lagningu línu í jörð á hluta leiðarinnar.

Við Akureyri, þ.e. frá Kífsá eða Rangárvöllum til austurs, verða bæði skoðaðar loftlínuleiðir og jarðstrengskostir í nágrenni þéttbýlisins.

Á matsáætlunarstigi er ekki lagður fram aðalvalkostur heldur gert ráð fyrir að hann verði valinn eftir niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og sem afrakstur frekara samráðs. Á þessu stigi er greint frá þeim valkostum sem að lágmarki verða metnir í umhverfismatinu varðandi línuleiðir, loftlínur og jarðstrengi. Þá er fjallað um hugmyndir að öðrum valkostum sem komið hafa upp í umræðunni fram að þessu. Ef fleiri hugmyndir um valkosti koma fram nú þegar tillaga að matsáætlun verður kynnt og/eða geta komið fram í undirbúningi matsvinnunnar, t.d. vegna ábendinga sérfræðinga sem vinna við matið eða í samtali við hagsmunaaðila, verður skoðað hvort það verði valkostir sem teknir verða til mats á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlunina (5.1.2018) er eftirfarandi athugasemd m.a.:

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir þessu samspili og takmörkunum á lagningu lína í jörðu í mismunandi flutningskerfum. Meðal annars þurfa að koma fram upplýsingar í skýrslunni á hvað löngum kafla væri hægt að leggja Kröflulínu 1 í jörðu ef nýtt er svigrúm til að leggja 12 km jarðstreng á Hólasandslínu 3.

3.8 ÖRYGGISMÁL AKUREYRARFLUGVALLAR

Unnið hefur verið að undirbúningi Hólasandslínu 3 um árabíl. Áform og útfærslur hafa breyst og var um tíma lagt til að hún færi sem loftlína þvert yfir Eyjafjörð skammt sunnan Akureyrarflugvallar. Áhætta af slíkri línu var metin á grundvelli gagna frá Landsneti 2012 og 2013. Nú er miðað við að línan fari í jörð frá tengivirki á Rangárvöllum og austur fyrir flugvöllinn til þess að tryggja hámarksöryggi, sem ekki næst með loftlínunum sbr. niðurstöður áhættumats.

Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2008-2025 er eftirfarandi markmið:

Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Í tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem var auglýst 1. desember 2017 segir m.a.:

Akureyrarkaupstaður gerir þá kröfu að báðar línurnar [Hólasandslína 3 og Blöndulína 3] verði lagðar í jarðstreng vegna flugöryggis [og] nálægðar við þéttbýli og útivistarsvæði. Stefna Akureyrarkaupstaðar er að raflínur verði almennt lagðar í jörð með áherslu á allar línur þvert á stefnu flugbrauta flugvallarins.

Mannvirkjagerð skal haga þannig að flugöryggi verði ekki skert á neinn hátt og Akureyrarflugvöllur geti ætíð staðist þær öryggiskröfur sem gerðar eru til millilandaflugvalla að teknu tilliti til landslags og legu. Lega flutningslínu raforku skuli því taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Í vinnslutillögu að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem ekki hefur verið auglýst segir m.a.:

Gert er ráð fyrir 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi (Hólasandslína 3) og skal háspennulínan lögð í jörð frá sveitarfélagsmörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði.

Stefnt er að því að Kröflulína 1 og Laxárlína 1 verði lagðar í jörð á skipulags-tímabilinu.

Landsnet hefur látið meta áhættu af 220 kV flutningslínu/loftlínu sunnan Akureyrarflugvallar að beiðni Flugmálastjórnar Íslands. Áhættumatið miðast við þáverandi áætlanir um að ný loftlína liggja þvert yfir Leirurnar í Eyjafirði um 3,6 km sunnan brautarenda Akureyrarflugvallar.

Frummatsskýrsla áhættumats^[1]

Hættumatið miðaðist við tiltekna línulegu og línugerð út frá gögnum Landsnets. Meginniðurstaða var að áhætta allra þátta væri þolanleg og/eða viðunandi að frátöldum truflunum vegna rafsviðs sem ekki voru metnar. Við eðlilegar aðstæður verður áhætta ásættanleg (acceptable) en við óvenjulegar aðstæður t.d. vegna slæms veðurs, aflmissis flugvélar, ólöglegs lágflugs eða mistaka flugmanns væri áhætta innan þolanlegra marka. Meginniðurstaða er að nýjar flutningslínur valda ekki óásættanlegri hættu.

Greining á áætlaðri háspennulínu við Akureyrarflugvöll^[2]

Meginniðurstaða er að miðað við gefnar forsendur sé ekki hættu á að háspennulínur nálægt Akureyrarflugvelli hafi áhrif á stjórn- og landingarbúnað flugvéla sem koma til landingar á flugvellinum.

Samgöngustofa^[3] og **Isavia** benda á að það mat að áhætta vegna áhrifa raflínunnar á flug innan flugstjórnarsviðs Akureyrar sé þolanleg byggist m.a. á eftirfarandi ráðsöfunum og öryggiskröfum:

- I. Dag- og næturmerkingar skulu settar á línur og möstur.
- II. Upplýsingar um raflínuna skulu settar á flugleiðsögukort.
- III. Hámarkshæð raflínu yfir jörðu skal ekki vera meiri en 26 m.
- IV. Raflína skal annað hvort:
 - a. vera búin sérstakri einangrun, eða
 - b. lögð neðanjarðar.

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að við skoðun og val skipulagskosta verði á öllum stigum miðað við hámarksöryggi Akureyrarflugvallar sem millilandaflugvallar t.d. hvað varðar aðflug. Nefndin telur því að miðað við niðurstöður þeirra skýrsla sem gerðar voru um loftlínu sunnan Akureyrarflugvallar verði hámarksöryggi ekki náð nema með jarðstreng.

3.9 STEFNA RÍKISSTJÓRNAR

Í stjórnarsáttmála þeirra ríkisstjórnar sem tók við stjórnartaumum 30. nóvember 2017 segir um dreifikerfi raforku:

Byggðamál

Flutnings- og dreifikerfi raforku verður að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Uppbygging kerfisins getur stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, með varmadæluvæðingu á köldum svæðum, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna.

Umhverfis- og auðlindamál

^[1] Initial Safety Assessment Report. *220kV line in Eyjafjörður near Akureyri airport*. Integra. December 2012.

^[2] J. Verpoorte, J.J.P. van Es. *Analysis of planned high voltage transmission line near Akureyri airport*. Nationaal Lucht- en ruimtevaartlaboratorium. July 2013.

^[3] Samgöngustofa, Hlín Hólm, Reynir Sigurðsson. Reykjavík 10. janúar 2014.

Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð. Í þeim tilgangi þarf að treysta betur flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skoðað verði að hve miklu leyti má nýta jarðstrengi í þessar tengingar með hagkvæmum hætti. Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálendið.

3.10 AÐRAR ÁÆTLANIR

3.10.1 SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA 2015-2019

Í Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019 eru eftirtalin atriði stærstu hagsmunamál landshlutans í heild:

- 1 *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll*
- 2 *Fjarskipti – ljósleiðari*
- 3 *Dreifikerfi raforku*

3.10.2 ORKUSTEFNA FYRIR ÍSLAND

Fyrir liggur tillaga stýrihóps um Orkustefnu fyrir Ísland frá 2011. Ekki verður séð að stefnan hafi holtið formlegt gildi.

Leiðarljós:

Að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta.

Meðal meginmarkmiða er:

Orkupörf almennings og almenns atvinnulífs verði mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma.


Markmið: *Að landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt.*

Leiðir: *Kröfur um lágmarks afhendingaröryggi raforku verði skilgreindar í lögum og/eða reglugerðum.*

Flutnings- og dreifikerfi verði áfram styrkt til að auka afhendingaröryggi.

4 KYNNING OG SAMRÁÐ

4.1 VERKÁFANGAR



Verkferill. Einföld yfirlitsmynd.


- Lýsing. Samvinnunefnd leggur fram verkefnislýsingu.
- Samþykki allra sveitarfélaga á lýsingu.
- **Auglýsing og kynning lýsingar (4 vikur).**
 - almennur kynningarfundur.
 - lýsing send aðliggjandi sveitarfélögum, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum.
 - Yfirferð ábendinga og athugasemda við lýsingu. Veganesti fyrir áframhaldandi skipulagsvinnu.
- Skipulagsvinna – svæðisskipulagsnefnd og ráðgjafar:
 - yfirfara/endurmeta stefnumótun/markmið um flutningslínur raforku.
 - skipulagskostir.
 - umhverfismat áætlunar (UMÁ).
 - drög að breyttu svæðisskipulagi.
- Almenn kynning á drögum að svæðisskipulagi, forsendum og umhverfismati.
 - almennir kynningarfundir.
 - kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og þeim sem hagsmuna eiga að gæta.
 - kynnt umsagnaraðilum.
- Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar á skipulagstillögu til sveitarstjórna.
- Tillaga lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar.
- Tillagan send Skipulagsstofnun til athugunar (4 vikur).
- **Auglýsing og athugasemdafrestur (6 vikur). Kynningarfundir.**
- Afgreiðsla athugasemda, svæðisskipulagsnefnd undirbýr lokaafgreiðslu.
- Skipulagstillaga lögð fyrir sveitarstjórnir (innan 12 vikna frá athugasemdafresti).
- Sveitarstjórnir senda svæðisskipulagsnefnd afgreiðslur sínar (innan 6 vikna).
- Svæðisskipulagsnefnd sendir skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.
- **Staðfesting Skipulagsstofnunar** (innan fjögurra vikna).
- Staðfesting auglýst í B-deild Stjórnartíðinda (Skipulagsstofnun).

4.2 UMSAGNARADILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Aðliggjandi sveitarfélög
 - Þingeyjarsveit
 - Akrahreppur
- Flugmálastjórn/Ísavia
- Vegagerðin
- Landsnet
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

4.3 TÍMAÁÆTLUN

Stefnt er að því að breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2008-2025 verði staðfest á miðju ári 2019.



4.4 SKIL UMSAGNA, ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA

Athugasemdir og ábendingar vegna lýsingar þessarar skulu vera skriflegar. Þær skulu sendar til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri, eða á netfangið afe@afe.is, merktar Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Skilafrestur er tilgreindur í auglýsingu. Nafn, kennitala og heimilisfang sendanda skal koma fram.

5 HEIMILDASKRÁ

Landskipulagsstefna 2015-2026. September 2016. Skipulagsstofnun.

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. 2002. Umhverfissráðuneytið.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2008-2025, greinargerð, helstu forsendur og umhverfisskýrsla

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018

Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Tillaga að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030

Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019. Eyþing.

Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025.

Umhverfisskýrsla kerfisáætlunar 2016-2025. Samantekt. Mars 2017. Landsnet, VSÓ ráðgjöf.

Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Samþykkt á Alþingi 28. maí 2015.

Blöndulína 3 frá Blöndustöð til Akureyrar. Matsskýrsla. Nóvember 2012. Mannvit.

Blöndulína 3 frá Blöndustöð til Akureyrar. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. 29. janúar 2013. Skipulagsstofnun.

Hólasandslína 3. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Tillaga að matsáætlun. Ágúst 2017. Landsnet.

Hólasandslína. Ákvörðun um matsáætlun. 5. janúar 2018. Skipulagsstofnun.

Initial Safety Assessment Report. 220kV line in Eyjafjörður near Akureyri airport. December 2012. Integra.

J. Verpoorte, J.J.P. van Es. July 2013. *Analysis of planned high voltage transmission line near Akureyri airport.* Nationaal Lucht- en ruimtevaartlaboratorium.

Bréf Samgöngustofu. 10. janúar 2014. Hlín Hólm, Reynir Sigurðsson. Reykjavík